


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>Listir og menning</b> <b>LIM 113</b> <b>Kennsluáætlun HAUST 2013</b>	
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

### SKYNJUN, TÚLKUN, TJANING



<b>Kennari</b>	Véronique legros	<b>Sk.st.</b>	VER
	<b>Viðtalstími :</b> mið. kl.11.25-12.05 í kennarastofu listnámsbrautar gsm : 691.1450 / netfang : <a href="mailto:vero@vma.is">vero@vma.is</a>		

#### Afangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn forsendum skynjunar, túlkun hans á skynhrifum og möguleikum hans á þeim grunni til tjáningar í listum og hönnun. Farið verður í gegnum þá þætti sem snúa að ákveðnum sviðum : sjón og tvívíðri tjáningu í teikningu, málverki og prenthönnun; sjón og snertingu í þrívíðri tjáningu í rýmislist og hönnun; heyrn og tímaskyni í hljóðtjáningu í tónlist; fjölbættri skynjun í rúmi og tíma í kvikmyndum, leiklist, óperu og dansi. Efnið verður tekið fyrir á fjölbreyttan hátt og unnið út frá eðlisfræði, líffræði og sálfræði og heimspeki, táknfræði og fagurfræði. Námið byggist að mestu á verkefnavinnu nemenda þar sem kennari leggur inn námsefnið og nemendur rannsaka síðan viðfangsefnið á margvíslegan hátt. Umræður skipa stóran sess í heimspeki-umfjöllun áfangans.

#### Markmið:


Í lok annarinnar á nemandinn að

- kunna skil á grunnatriðum í eðlisfræði skynjunar
- " " í sálfræði og lífeðlisfræði skynjunar
- geta rætt um heimspekileg álitamál um skynjun
- " fagurfræðileg og táknfræðileg álitamál
- gera sér grein fyrir möguleikum manna til að tjá sig í list og hönnun
- geta kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt
- geta tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda
- hafa stundað námið vel, mætt í alla tíma og sinnt heimanámi.

**Kennslan** fer fram í gegn um leitarnám, verkefnavinnu, bæði einstaklings og hópa, fyrirlestra, umræður og vettvangsheimsóknir, Á önninni fjalla gestafyrirlesarar um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum og skila nemendur verkefnum í tengslum við þá. (Nemendur fá frí í einni kennslulotu á móti hverjum fyrirlestri)  
Dagsetningar og fyrirlesarar kynntir síðar.

#### Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa **glósu-/skissu-/vinnu-bók** í tímum og skriffæri.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>Listir og menning</b> <b>LIM 113</b> <b>Kennsluáætlun HAUST 2013</b> <b>SKYNJUN, TÚLKUN, TJANING</b>	
Höfundur: HRS		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

**Skil:** Nemendur vinna í glósu-/skissu-/vinnu-bók, sem er skilað í lok annar. Nemendur vinna tímaverkefni í hópum sem þeir kynna í tímum einnig skila þeir verkefnum sem unnin eru heima út frá gestafyrirlestrunum.

**Námsmat og vægi námsþátta :**

*Próflaus áfangi. Símat. Öll verkefni eru metin .*

*Gefið er fyrir ástundun, virkni í tímum, glósu-/skissu-/vinnu-bók, einstaklings og hópaverkefni og flutning á tímaverkefnum.*

<b>Afrakstur verkefnavinnunnar</b>	<b>50%.</b>
<b>Glósu- /skissu-/ vinnu-bók</b>	<b>20%</b>
<b>Frammistaða í tímum og þátttaka í umræðum</b>	<b>20%</b>
<b>Sjálfsmat</b>	<b>5 %</b>
<b>Mætingar gilda</b>	<b>5%</b>

**GANGI YKKUR VEL !**

Með fyrirvara um breytingar - **VÉRO**

**Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

